

Án trúnaðarupplýsinga

SAMRUNATILKYNNING

**VEGNA KAUPA HEKLU FASTEIGNA EHF.
Á ÖLLU HLUTAFÉ Í BÍLSON EHF.**

MARS 2026

SAMRUNASKRÁ

Skrá þessi er tekin saman af Landslögum slf., fyrir hönd Heklu fasteigna ehf., kt. 631202-3060, Laugavegi 174, 105 Reykjavík vegna kaupa á 100% hlutafjár í Bílson ehf., kt. 421184-0979, Kletthálsi 9, 110 Reykjavík.

Þessi tilkynning er gerð í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið. Samrunaaðilar óska þess að trúnaðar verði gætt um þann hluta samrunaskrár sem merkt er sem trúnaðarmál og einnig um fylgiskjöl hennar, sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.

Allar upplýsingar sem veittar eru í skrá þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

Samrunagjald að fjárhæð 500.000 kr. hefur þegar verið greitt.

1. KAFLI

Stutt lýsing samruna

Með kaupsamningi, dags. 23. desember 2025, komust kaupandi og seljandi að samkomulagi um kaup Heklu fasteigna ehf. á 100% hlutafjár í Bílson ehf. Seljandi er stofnandi félagsins og eigandi 100% hlutafjár og hefur um nokkurt skeið leitað kaupanda að félaginu í tengslum við starfslok sín.

Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Áreiðanleikakönnun hefur farið fram.

Fyrirhuguð viðskipti fela að mati samrunaaðila í sér samruna sem fellur undir samrunaeftirlit 17. gr. a. samkeppnislaga, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt. Sá markaður sem samrunaaðilar starfa báðir á er markaður fyrir þjónustu við og viðgerðir á bifreiðum, þ.e. rekstur bifreiðaverkstæða. Þá hafa samrunaaðilar verið í lóðréttu viðskiptasambandi með varahluti, auk ábyrgðarverka. Samruninn hefur að mati samrunaaðila engin skaðleg áhrif á mörkuðum málsins, svo sem nánar verður fjallað um hér að neðan.

Ástæðu viðskiptanna má rekja til fyrirhugaðra starfsloka seljanda Bílson, Bjarka Harðarsonar. Markmið viðskiptanna er að viðhalda aðgengi að viðgerðarþjónustu fyrir eigendur bifreiða af tegundunum Skoda og Volkswagen en Bílson hefur þjónustað þessi vörumerki um árabil.

Samruninn hefur ekki komið til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, en kaupsamningur er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

2. KAFLI

Grunnupplýsingar um samrunaaðila

2.1 Aðilar samrunans

Aðilar samrunans eru eftirfarandi:

- 1) Hekla fasteignir ehf., kt. 631202-3060, Laugavegi 174, 105 Reykjavík („**Hekla fasteignir**“ eða „**kaupandi**“)

Systurfélag Heklu fasteigna er **Hekla hf.**, kt. 600169-5139, Laugavegi 172-174, Reykjavík („**Hekla**“)

- 2) **Bílson ehf.**, kt. 421184-0979, Kletthálsi 9, Reykjavík („**Bílson**“ eða „**félagið**“).

Seljandi hlutafjárins er:

- 1) **Bjarki Harðarson**, kt. 010860-3349

Saman er almennt vísað til Heklu fasteigna, Heklu og Bílson sem „samrunaaðila“.

Hekla fasteignir ehf.

Hekla fasteignir ehf. er fasteignafélag. Rekstur þess felst í fjárfestingum, útleigu fasteigna og lánveitingum. Hekla fasteignir annast eignarhald og rekstur á þeim fasteignum sem Hekla, dótturfélög og systurfélög nota í starfsemi sinni.

Hekla hf.

Hekla hf. er bílaumboð. Fyrirtækið er umboðsaðili á Íslandi fyrir Audi, Volkswagen, Skoda, GWM og Mitsubishi, flytur inn og selur hér á landi nýjar bifreiðar frá þessum vörumerkjum og þjónustar þær. Þá flytur Hekla einnig inn stærri bifreiðar til atvinnurekstrar frá Volkswagen. Hekla selur auk þess notaða bíla frá þessum vörumerkjum en einnig aðrar tegundir ef þær hafa verið teknar upp í nýjan bíl hjá fyrirtækinu. Þannig sérhæfir Hekla sig í sölu og þjónustu á nýjum og notuðum bifreiðum frá þessum vörumerkjum.

Hekla þjónustar jafnframt framangreindar tegundir á fullbúnu verkstæði félagsins. Félagið flytur inn upprunalega (e. original) varahluti fyrir framangreindar tegundir og að óverulegu leyti almenna (e. after market) varahluti.

Aðalstöðvar félagsins eru að Laugavegi 174 í Reykjavík, lager félagsins er staðsettur að Tunguhálsi 8 og Kletthálsi 13, þar sem einnig eru seldir notaðir bílar.

Framangreind merki eru seld og þjónustuð af fleiri aðilum en Heklu umhverfis landið en engin eignatengsl eru milli Heklu og þessara söluumboða, né heldur annarra viðurkenndra þjónustuaðila Heklu, líkt og viðurkenndra þjónustuverkstæða. Sú starfsemi telst því ekki til starfsemi félagsins. Starfsemi Heklu fer fram á höfuðborgarsvæðinu.

Bílson ehf.

Bílson ehf. rekur bifreiðaverkstæði að Kletthálsi 9 í Reykjavík. Félagið sinnir þjónustu og viðgerðum, þ.m.t. reglubundnum þjónustuskoðunum, smurþjónustu, almennum viðgerðum, ábyrgðarviðgerðum og innköllunum, og starfar sem viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Heklu vegna Volkswagen, VW atvinnubíla og Skoda. Höfuðstöðvar félagsins eru að Kletthálsi 9, Reykjavík, þar sem verkstæði, lager og skrifstofur eru staðsett.

2.2 Tengiliðir

Tengiliður samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er

Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður
Borgartúni 26, 5. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 520-2900, farsími: 820 3477
Tölvupóstur: jonabjork@landslog.is

Samrunaaðilar hafa veitt Jónu Björk Helgadóttur lögmanni hjá Landslögum, og lögmönnum Landslaga, umboð til að koma fram fyrir hönd samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu við meðferð samruna máls þessa, sbr. meðfylgjandi umboð samrunaaðila á *fylgiskjölum nr. 12 og 13*.

3. KAFLI

Upplýsingar um samrunann

3.1 Aðdragandi samrunans

Seljandi hefur um nokkurt skeið leitað að kaupanda að félaginu. Viðræðum lauk með undirritun kaupsamnings við Heklu fasteignir 23. desember 2025.

3.2 Markmið samrunans

Markmið samrunans er fyrst og fremst að viðhalda aðgengi neytenda að viðgerðarþjónustu fyrir bifreiðar af tegundunum Skoda og Volkswagen.

3.3 Eðli samrunans

Um er að ræða kaup á 100% eignarhlut í hinu yfirtekna félagi. Ekki er um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi. Vegna eignar félagsins að Kletthálsi 9 eru Hekla fasteignir kaupandi í viðskiptunum. Rekstur Bílson verður áfram rekin undir nafni Bílson en ýmsir rekstrarþættir samnýttir með Jöklum hf., móðurfélagi Heklu og Heklu fasteigna, svo sem fjármál, bókhald, starfsmannamál, markaðsmál, birgðahald og innkaup.

Aðilar samrunans hafa ekki notið opinberrar fjárhagsaðstoðar við rekstur félaganna í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um samkeppnishamlandi ríkisaðstoð.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

Þau fyrirtæki sem samruninn tekur til starfa aðallega í innflutningi og sölu bíla og varahluta annars vegar og verkstæðisþjónustu hins vegar. Nánar verður fjallað um markaði málsins í köflum 6 og 7.

3.5 Kaupverð hins keypta

Kaupverð fyrir hið selda [...] ¹

3.6 Upplýsingar um veltu fyrir síðasta reikningsár

Upplýsingar um veltu á Íslandi; Velta **Heklu**

árið 2025 var um **16.836 millj. kr.**

árið 2024 var um **11.906 millj. kr.**

árið 2023 var um **18.387 millj. kr.**

¹ Trúnaðarmál

Velta **Bílson**

árið 2025 var um **574 millj. kr.**

árið 2024 var um **563 millj. kr.**

árið 2023 var um **495 millj. kr.**

Framangreindar veltutölur eru fengnar úr ársreikningum samrunaaðila og óstaðfestum uppgjörum fyrir árið 2025. Ársreikningarnir eru fylgiskjöl með samrunaskrá þessari.

Aðilar samrunans starfa ekki á erlendum mörkuðum og eru þar af leiðandi ekki með veltu erlendis.

3.7 Viðskiptalegar forsendur og mögulegur ávinningur samrunans

[...]²

4. KAFLI

Eignarhald og yfirráð

4.1 Fyrirtæki/einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum eða samrunaaðilar ráða yfir

4.1.1 Hekla fasteignir ehf.

Hekla fasteignir ehf. er 100% í eigu Jökla ehf. og annast eignarhald og rekstur á fasteignum Heklu og systurfélaga. Jöklar er móðurfélag Heklu, Heklu fasteigna, Framrúðusölnunnar, Dekkjasölnunnar og Stillingar. Enginn eiginlegur rekstur er í Jöklum, heldur er félagið eignarhaldsfélag, sem sér um ýmsan samrekstur fyrir félög samstæðunnar.

Félagið er að fullu í eigu Friðberts Friðbertssonar.

Stjórn Jökla skipa tveir einstaklingar; Friðbert Friðbertsson, stjórnarmaður, og Soffía Huld Friðbjarnardóttir, varamaður.

Hekla fasteignir á eitt dótturfélag, Bílabóndann ehf., sem er ekki með neina starfsemi.

4.1.2 Hekla hf.

Hluthafar Heklu hf. eru Jöklar ehf., sem fer með allt hlutafé í Heklu, fyrir utan einn hlut sem er í eigu Heklu fasteigna, sem annast eignarhald og rekstur á fasteignum Heklu sem fyrr greinir, auk þess sem Hekla sjálf fer með 10% hlutafjár.

Stjórn Heklu skipa þrír einstaklingar; Jóhannes Bjarni Björnsson, stjórnarformaður, Friðbert Friðbertsson og Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Framkvæmdastjóri félagsins er Friðbert Friðbertsson.

Hekla á tvö dótturfélög, Bílaþing ehf. og Heklu Notaða Bíla ehf. Bílaþing annast rekstur og umsýslu á bifreiðum í notkun hjá Heklu og í langtímaleigu til þriðja aðila. Hekla Notaðir Bílar sér um kaup (uppþöku) og sölu á notuðum bifreiðum.

² Trúnaðarmál

Hvorki Hekla né hluthafar Heklu fara með yfirráð yfir öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum málsins.

4.1.3 *Bílson ehf.*

Hluthafi Bílson ehf. er Bjarki Harðarson, sem fer með 100% hlutafjár.

Stjórn Bílson skipa Bjarki Harðarson, stjórnarmaður og Þórdís Einarsdóttir, varamaður. Bjarki Harðarson er framkvæmdastjóri félagsins.

Hvorki Bílson né hluthafi félagsins fara með yfirráð yfir öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum málsins.

4.2 Samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði

Samrunaaðilar hafa átt í viðskiptalegu samstarfi að því leyti að Bílson hefur keypt upprunalega varahluti af Heklu til notkunar á eigin verkstæði. Þá hefur Bílson aflað sér vottunar sem viðurkenndur þjónustuaðili³ þessara bifreiðategunda, með því að uppfylla þau hlutlægu skilyrði sem framleiðendur þessara bifreiða setja fyrir slíkri viðurkenningu samkvæmt sérstöku kerfi þar að lútandi, sem nánar er fjallað um hér að neðan.

5. KAFLI

Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

Undir lok árs 2024 keypti Hekla allt hlutfé í Dekkjasölnni ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2024. Dekkjasalan er systurfélag Heklu og Heklu fasteigna, dótturfélag Jökla hf., og flytur inn og selur hjólbarda og felgur og þjónustu tengda hjólbörðum. Þá keypti Hekla á síðasta ári allt hlutfé í Stillingu hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2025. Stilling er einnig dótturfélag Jökla og starfar á sviði innflutnings og sölu á almennum varahlutum í bifreiðar en selur einnig aukahluti og ýmsar bílavörur. Dekkjasalan og Stilling tilheyra þannig samstæðu Heklu. Þá var félagið Framrúðusalan ehf. stofnað innan samstæðunnar á síðasta ári en starfsemi félagsins felst í innflutningi og viðgerðum á bílrúðum. Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu er stjórnarformaður Dekkjasölnunnar og Framrúðusölnunnar og situr í stjórn Stillingar.

Bílson hefur ekki tekið yfir fyrirtæki sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

Stjórnarmenn í **Bílson** sitja ekki í stjórnnum annarra fyrirtækja sem reka starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa samrunans gætir.

³ Í 1. gr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 461/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (VBER) er hugtakið „viðurkenndur viðgerðaraðili“ skilgreint sem „aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki og starfar innan dreifikerfisins sem birgir vélknúinna ökutækja kom á“.

6. KAFLI

Skilgreiningar á mörkuðum

Í reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum er hugtakið vörumarkaður skilgreint sem hér segir:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.“

Í sömu reglum er hugtakið landfræðilegur markaður skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.“

Verður nú vikið nánar að afmörkun viðkomandi vöru- og þjónustumarkaða (kafla 6.1) sem og landfræðilegs markaðar (kafla 6.2) sem samrunaaðilar telja að komi helst til skoðunar að því er varðar fyrirhuguð viðskipti. Markaðsskilgreiningin byggir á framkvæmd Samkeppniseftirlitsins, einkum ákvörðun nr. 20/2019, þar sem fjallað er sérstaklega um verkstæðisþjónustu bifreiða, aðgreiningu hennar frá öðrum mörkuðum og landfræðilega afmörkun slíkrar þjónustu. Þá er við markaðsskilgreiningar einnig farið eftir bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 19. febrúar sl., þar sem eftirlitið taldi að mögulegir markaðir málsins tækju til viðgerðarþjónustu og varahlutasölu vegna merkjanna Skoda og Volkswagen eingöngu.

6.1 Viðkomandi vörumarkaðir

Eins og fram kemur hér að ofan lýtur samruninn að yfirtöku Heklu fasteigna á rekstri bifreiðaverkstæðisins Bílson sem sinnir þjónustu, viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum (eftirmarkaðsþjónusta). Starfsemi Bílson felur m.a. í sér reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónustu, almennar viðgerðir, bilanagreiningu, auk ábyrgðarviðgerða og innkallana framleiðenda. Bílson er viðurkenndur þjónustuaðili fyrir bifreiðar af vörumerkjunum Volkswagen, VW atvinnubílar og Skoda og koma því sem næst allar tekjur fyrirtækisins til vegna þjónustu við þessi merki.

Hekla er umboðsaðili fyrir bifreiðar af vörumerkjunum Volkswagen, VW atvinnubílar Mitsubishi, GWM, Audi og Skoda. Samhliða innflutningi og sölu bifreiða rekur Hekla bifreiðaverkstæði sem sinnir þjónustu, viðhaldi og viðgerðum á þeim bifreiðum sem fyrirtækið flytur inn og selur.

Að þessu leyti skarast starfsemi samrunaaðila með láréttum hætti á markaði fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum. Bílson sinnir sem fyrr greinir nær eingöngu þjónustu við merkin Volkswagen og Skoda.

6.1.1 Markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2019, *Kaup Öskju ehf. á hluta af rekstri Berhards ehf.*, var staðfest að verkstæðisþjónusta bifreiða teldist sérstakur markaður. Samrunaaðilar byggja á sömu nálgun og telja að hinn skilgreindi markaður málsins sé markaðurinn fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum (eftirmarkaðsþjónusta), þ.m.t. reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta, almennar viðgerðir, bilanagreining o.fl. Ábyrgðarviðgerðir og innkallanir framleiðenda standi utan hins skilgreinda markaðar, sbr. síðar. Markaðurinn tekur til þjónustu við bæði fólksbifreiðar og léttar atvinnubifreiðar og óháð því hvort notaðir eru upprunalegir varahlutir eða almennir varahlutir.

Bílson er sem fyrr greinir viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir tiltekin vörumerki Heklu. Viðurkennd þjónustuverkstæði eru verkstæði sem uppfylla ákveðin tæknileg og rekstrarleg skilyrði sem framleiðendur bifreiða setja og starfa innan dreifikerfis framleiðenda. Öllum fyrirtækjum sem þess óska stendur til boða að gerast viðurkenndir þjónustuaðilar með því að uppfylla þau hlutlægu og tæknilegu skilyrði sem framleiðendur setja. Allar helstu tæknilegar upplýsingar eru aðgengilegar á jafnræðisgrundvelli hjá framleiðendum gegn hóflegu gjaldi, m.a. í gegnum rafræn kerfi. Jafnframt standa öllum verkstæðum sem uppfylla tiltekin grunnskilyrði til boða tækninámskeið og þjálfun hjá innflytjendum og/eða framleiðendum. Þá veitir Hekla sjálfstæðum verkstæðum svör við tæknilegum fyrirspurnum eftir því sem tók eru á. Þannig byggir kerfi viðurkenndra þjónustuverkstæða á opnu kerfi.

Samhengisins vegna má nefna að í einfaldri mynd má skipta verkum á bílaverkstæðum í þrenns konar verkefni; (i) ábyrgðarverk, (ii) þjónustuskoðanir og (iii) almenna þjónustu og viðgerðir.

(i) Ábyrgðarverk

Ábyrgðarverk eru oft og tíðum flóknustu verkefni bílaverkstæða, sem krefjast mestu þekkingarinnar, dýrasta búnaðarins og verkfæranna. Ábyrgðarverk þarf að vinna undir mjög ströngum leiðbeiningum framleiðenda bifreiðanna og framleiðendurnir gera miklar kröfur til þeirra verkstæða sem framkvæma slík verk. Verkstæði þarf þannig að gangast undir vottun sem viðurkenndur þjónustuaðili í samræmi við gæðastaðla framleiðenda bifreiðanna til að fá að framkvæma slík verk.

Öllum verkstæðum stendur til boða að fara í slíkar vottanir. Hins vegar eru ekki mörg verkstæði tilbúin í þær fjárfestingar sem þarf til að standast þær kröfur, auk þess sem mjög lítil arðsemi er almennt af ábyrgðarverkum og nær engin framlegð af varahlutum í slíkum verkum. Bifreiðaframleiðendurnir greiða fyrir ábyrgðarverk en ekki neytendur. Þannig ákveða framleiðendur einnig þóknunina fyrir vinnu (e. Warranty Labour Rate) og verðlagningu varahluta í samræmi við sínar innri reglur. Í tilfalli Volkswagen og Skoda er um að ræða kostnaðarverð varahluta (e. landed cost), þ.e.a.s. það er engin framlegð af sölu varahluta til ábyrgðarviðgerða. Af þessum sökum hafa þessi verk ekki verið talin tilheyra samkeppnismarkaði fyrir viðgerðir á bifreiðum.⁴ Samhengisins vegna þykir þó rétt að gera

⁴ Sjá m.a. ákvörðun Konkurrensverket í máli 2012/2004, *Bilia Personbilar AB v Eneqvist Bil AB*, mgr. 36.

grein fyrir þeim hér. Það eru eingöngu ábyrgðarverk og innkallanir sem nauðsynlegt er að framkvæma á viðurkenndum þjónustuverkstæðum.

(ii) Þjónustuskoðanir

Eitt af skilyrðum ábyrgðar á bifreiðum umfram lögvarinn ábyrgðartíma er að bifreiðinni hafi verið eðlilega haldið við. Í því felst m.a. að bifreiðin hafi farið í þjónustuskoðanir, skipt hafi verið um olíu, ef um bifreið knúna jarðefnaeldsneyti er að ræða, og skipt hafi verið um hluti eins og síur o.þ.h. Leiðbeiningar framleiðanda segja til um hversu oft slíkt þarf að fara fram.

Þrátt fyrir algengan misskilning þar um, þá þurfa slíkt viðhald og þjónustuskoðanir til að viðhalda ábyrgð ekki að fara fram á viðurkenndu verkstæði. Samkvæmt hópundanþágureglugerð ESB um lóðréttu samninga á sviði vélknúinna ökutækja og reglugerðar (VBER) er framleiðendum þvert á móti óheimilt að skilyrða gildi ábyrgðar við það að þjónusta fari eingöngu fram hjá viðurkenndum þjónustuaðila.⁵ Þannig hefur viðskiptavinur rétt til að velja óháð verkstæði vegna þjónustuskoðunar, enda sé farið eftir þjónustuáætlun og verklýsingum framleiðanda, notaðir varahlutir og rekstrarvökvar af upprunalegum eða sambærilegum gæðum og þjónusta og viðgerðir skráðar með fullnægjandi hætti. Þá ber framleiðendum að tryggja óháðum verkstæðum jafnan og óhindraðan aðgang að viðgerðar- og þjónustuhandbókum, greiningargögnum og OBD-upplýsingum (varðandi greiningarkerfi um borð í bifreiðunum, On-Board-Diagnostics),⁶ auk aðgangi að hugbúnaði og tæknilýsingum sem nauðsynlegar eru til viðhalds og viðgerða. Þannig mega framleiðendur ekki setja upp ósanngjarnar eða mismunandi aðgangshindranir sem hygla eingöngu viðurkenndum þjónustuaðilum.

Eftir þessu er farið í rekstri Heklu. Hekla og VAG, sem framleiða m.a. Volkswagen, Skoda, Audi Porche, Seat og Cupra, gera enga kröfu um að þjónustuskoðanir eða reglubundið viðhald bifreiða fari fram hjá viðurkenndum þjónustuaðilum. Til að viðhalda ábyrgð dugar að sýnt sé fram á með reikningum, frá hvaða bifreiðaverkstæði sem er, að þjónustuskoðun hafi farið fram í samræmi við leiðbeiningar framleiðenda.

Svo dæmi sé nefnt er þetta verklag viðhaft hjá hinum ýmsu óháðu verkstæðum á Íslandi sem sérhæfa sig í bifreiðum VAG, án þess að teljast viðurkenndir þjónustuaðilar, sem mörg nýta þá meðal annars greiningar- og forritunargerðir (VCDS), opinbert greiningarkerfi framleiðanda (ODIS), rafræna varahlutaskrá (ETKA) og þjónustubók þar sem þjónustuskoðanir og smurþjónusta er skráð stafrænt (DSS-Digital Service Schedule). Nýting þessara kerfa er þó ekki skilyrði, frekar en að vera viðurkenndur þjónustuaðili.

(iii) Almenn þjónusta og viðgerðir

⁵ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um framkvæmd Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttu samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja, sjá 5. gr., sbr. einnig 69. mgr. leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar

⁶ Sbr. 61. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2018/858 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB.

Fyrir liggur að almennum viðgerðum og ýmiss konar þjónustu við bifreiðar af ýmsum tegundum er sinnt af hinum fjölmörgu bifreiðaverkstæðum sem eru starfrækt í landinu. Þá stendur öllum til boða aðgangur að greiningarforritum, þjónustuhandbók o.fl. sem fjallað er um hér að ofan og veldur því að jafnframt þarf að líta til framboðsstaðgöngu við úrlausn málsins.

Samandregið má vera ljóst að eigendur nýrra og notaðra bifreiða geta í lang flestum tilvikum keypt viðgerðarþjónustu frá þeim þjónustuaðilum sem þeir kjósa, hvort heldur sem er viðurkenndum þjónustuaðilum tiltekinna merkja eða öðrum verkstæðum en fjöldi bifreiðaverkstæða starfar á Íslandi sem veita í grundvallaratriðum áþekka þjónustu. Bifreiðaeigendur hafa þannig almennt raunhæfa möguleika á að velja á milli ólíkra verkstæða.

Það er eingöngu í tilviki ábyrgðarverka, að krafist er þjónustu viðurkennds þjónustuaðila. Slík verkefni eru hins vegar sérstaks eðlis og falla utan hins skilgreinda samkeppnismarkaðar. Þá eru þessi verk almennt mjög lítil hluti af veltu bifreiðaverkstæða og fyrirtæki hafa í auknum mæli dregið sig út úr slíkum verkum vegna lélegrar afkomu.

Með vísan til þessa, að engin skilyrði eru um að þjónustuskoðanir séu framkvæmdar af viðurkenndum verkstæðum, heldur standa upplýsingar og handbækur framleiðenda sem til þarf til slíkrar vinnu, öllum opnar, telja samrunaaðilar engin rök standa til þess að skilgreina markaðinn með þrengri hætti en hér greinir. Í samræmi við leiðbeiningar Samkeppniseftirlitsins er þó umfjöllun að finna í næsta kafla.

6.1.2 Mögulegur markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum af tegundunum Skoda og Volkswagen

Bæði Samkeppniseftirlitið og framkvæmdastjórn ESB hafa fjallað um mögulega aðgreiningu á viðgerðarþjónustu fyrir tiltekin vörumerki bifreiða en hafa hins vegar ekki, samkvæmt bestu vitund samrunaaðila, skilgreint sérstakan markað með slíkum þrengri hætti í samrunamáli. Við undirbúning tilkynningar kom fram af hálfu Samkeppniseftirlitsins að ein möguleg markaðsskilgreining væru markaðir fyrir viðgerðarþjónustu þeirra bíltegunda sem Hekla og Bílson sérhæfa sig í en slíkar markaðsskilgreiningar hafi verið settar fram í einstökum ríkjum Evrópu.

Hekla og Bílson sinna bæði viðgerðarþjónustu fyrir vörumerkin Skoda og Volkswagen. Því verður jafnframt fjallað um mögulegan markað fyrir þjónustu og viðgerðir á Skoda- og Volkswagen bifreiðum en á þeim markaði eru bæði viðurkennd þjónustuverkstæði og önnur verkstæði, sem eins og fyrr greinir geta sinnt öllum verkum nema ábyrgðarverkum, sem aftur tilheyra ekki hinum skilgreinda samkeppnismarkaði. Þá eru slík líkindi milli nýrri árgerða Skoda og Volkswagen bifreiða annars vegar og Audi-bifreiða hins vegar að sérhæfing í einni tegund bifreiða skilar einnig þekkingu á hinum tegundunum. Jafnframt er aðgangur að umræddri sérhæfingu mjög greiður, svo sem lýst er í tilkynningu þessari, þannig að taka verður tillit til framboðsstaðgöngu við skilgreiningu markaða.

Samrunaaðilar telja hins vegar ljóst að samruninn hafi engin skaðleg áhrif, jafnvel þótt litið yrði til slíks markaðar og telja því engin rök til þess að skilgreina markaðinn með svo þrengum hætti.

6.1.3 Markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2019, *Kaup Motormax ehf. á eignum og rekstrarfjármunum þrotabús Bílanausts ehf.*, var markaðurinn fyrir bílavarahluti skilgreindur. Í ákvörðuninni kemur fram að í framkvæmd í EES/ESB samkeppnisrétti hafi verið litið svo á að markaður fyrir almenna varahluti (e. Non-original equipment spare parts) og markaður fyrir upprunalega/“original“ varahluti / OEM-varahluti (e. Original Equipment Manufacturer Spare parts) tilheyri ekki sama markaði. Þá sé einnig unnt að skipta markaðnum eftir þyngd ökutækja. Hekla flytur inn varahluti, aðalega upprunalega bílavarahluti fyrir þær tegundir bíla sem fyrirtækið flytur inn og selur. Hekla nýtir varahlutina á eigin verkstæði en selur einnig til þriðju aðila, t.a.m. til Bílson. Hekla flytur einnig inn almenna bílavarahluti en í mjög takmörkuðu magni.

Bílson starfar ekki á markaði fyrir sölu á bílavarahlutum. Félagið hefur aðallega keypt upprunalega varahluti af Heklu og nýtt við viðgerðir. Í undantekningartilfellum hefur Bílson flutt inn varahluti í eigin nafni, bæði almenna og upprunalega, einkum þegar framboð hjá innlendum aðilum hefur ekki fullnægt þörfum Bílson. Bílson selur ekki varahluti til þriðju aðila og starfar því í raun ekki á umræddum markaði fyrir sölu á bílavarahlutum heldur á markaði fyrir bifreiðaverkstæði þar sem varahlutir sem seldir eru með viðgerðinni tilheyra markaði fyrir bifreiðaverkstæði.⁷ Hins vegar hefur verið lóðrétt viðskiptasamband á milli samrunaaðila með upprunalega varahluti.

6.1.4 Mögulegur markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum fyrir Skoda og Volkswagen

Hekla flytur inn og selur upprunalega varahluti fyrir m.a. þær tegundir bifreiða sem Bílson sinnir á verkstæði sínu, þ.e. Skoda og Volkswagen. Í samskiptum við Samkeppniseftirlitið í aðdraganda samrunatilkynningar þessarar kom fram að ein möguleg skilgreining markaðar væri markaður fyrir sölu upprunalegra varahluta vegna umræddra bíltegunda.

Engin lárétt skörun er í starfsemi samrunaaðila að þessu leyti en Bílson starfar sem fyrr greinir ekki á markaði fyrir sölu á varahlutum fyrir Skoda og Volkswagen heldur kaupir þá einkum af Heklu og nýtir í eigin viðgerðir. Slík þjónusta tilheyrir ekki markaði fyrir sölu á varahlutum sem fyrr greinir. Þá liggur fyrir að mikið af upprunalegum varahlutum fyrir Skoda, Volkswagen og Audi ganga í allar þrjár tegundirnar. M.a. af þessum sökum telja samrunaaðilar engin rök standa til þess að skilgreina sérstakan markað um þau merki sem hér um ræðir. Sé það gert sé a.m.k. nauðsynlegt að taka tillit til Audi-varahluta. Í samræmi við leiðbeiningar Samkeppniseftirlitsins verður þó fjallað nánar um mögulegan markað fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum fyrir þessar tegundir.

6.2 Landfræðilegur markaður

⁷ Í ákvörðun Konkurrensverket í máli 2012/2004, *Bilia Personbilar AB v Eneqvist Bil AB* er gengið út frá því að sala varahluta sem nýttir eru í viðgerð teljist með veltu verkstæða þegar heildarstærð viðgerðarþjónustu er metin. Sala varahluta “yfir borðið”, þ.e. óháð viðgerð, teljist ekki með þegar heildarstærð markaðarins í fjárhæðum er metin, sbr. mgr. 29.

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 20/2019 taldi eftirlitið að markaður fyrir verkstæðisþjónustu bifreiða væri þrengri en landið allt og gæti verið bundinn við höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi sveitarfélög.

Samrunaaðilar taka undir að markaður fyrir verkstæðisþjónustu sé að einhverju leyti svæðisbundinn en nái ekki endilega til landsins alls. Viðskiptamannahópur samrunaaðila ber þess þó merki að viðskiptavinir séu reiðubúnir að aka þó nokkra vegalengd til þess að fara með bíl á verkstæði. T.a.m. telur viðskiptamannahópur Bílson fasta viðskiptavini frá Höfn í Hornafirði. Þá eru verktakar úr Borgarfirði og útgerðarmenn af Snæfellsnesi einnig meðal fastra viðskiptavina Bílson. Að mati Heklu koma viðskiptavinir verkstæðis Heklu, auk höfuðborgarsvæðisins, frá Vesturlandi til og með Snæfellsnesi og frá öllu Suðurlandi.

Samrunaaðilar telja þannig að landfræðilegur *markaður fyrir viðgerðarþjónustu* geti náð allt frá Austurlandi, um Suðurland, yfir á Vesturland. Þó sé markaðurinn aldrei minni en svo að hann nái í 40 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.⁸

Samrunaaðilar telja landfræðilegan *markað fyrir sölu á varahlutum* vera landið allt, sbr. m.a. ákvörðun nr. 15/2019.

6.3 Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Fyrir utan rekstur bifreiðaverkstæða starfa samrunaaðilar á aðskildum mörkuðum. Skyldur umræddum markaði er markaðurinn fyrir innflutning og sölu á nýjum og notuðum bílum, sem Hekla starfar á. Samruninn hefur þó engin áhrif á þann markað. Sama má segja um starfsemi Dekkjasölunnar sem flytur inn og selur dekk og þjónustu tengda dekkjum, sem og starfsemi Stillingar, sem flytur inn og selur almenna bílavarahluti og bílavörur.

6.4 Aðrir markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.

Hekla fasteignir starfar einnig á sviði fjárfestinga, útleigu fasteigna og lánveitinga. Samruninn hefur engin áhrif á þá starfsemi en Hekla fasteignir mun eignast fasteignina að Kletthálsi 9, komi samruninn til framkvæmda.

7. KAFLI

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa samrunans gætir

7.1 Áætluð heildarstærð markaðarins í fjárhæðum – hlutdeild samrunaaðila

7.1.1 Markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum – heildarstærð og hlutdeild samrunaaðila

⁸ Í neytendarannsókn Konkurrensverket í tengslum við ákvörðun í máli 2012/2004, Bilia Personbilar AB v Eneqvist Bil AB, kom í ljós að 85% aðspurðra vildu ekki keyra lengur en í 40 mínútur í reglubundna þjónustuskoðun.

Svo sem fram kemur í kafla 7.1.9 og einnig í *fylgiskjali 7*, er mikill fjöldi verkstæða á markaðnum og erfitt að setja fram upplýsingar um fjárhagslega stærð markaðarins. Samrunaaðilar hafa þannig ekki haldgóðar upplýsingar um markaðshlutdeild sína í verkstæðisþjónustu eða heildarstærð þess markaðar í fjárhæðum.⁹ Samkeppniseftirlitið gæti með gagnaöflun gert slíka áætlun ef þörf verður talin á því.

Samrunaaðilar hafa gert atlögu að áætlunum um heildarstærð markaðarins út frá fjölda verkstæða. Ef litið er til atvinnugreinaflokkunar (ISAT) þar sem almenn bílaverkstæði falla undir ISAT 45.20.1 kemur í ljós að skráðar einingar í þeim flokki voru alls 506 á landsvísu árið 2025. Flokkunin greinir ekki fjölda eftir landsvæðum.

Samkvæmt óformlegum upplýsingum frá aðilum innan greinarinnar sem vel þekkja til er ekki raunhæft að ganga út frá slíkum fjölda verkstæða. Hins vegar sé nærtækara að ætla að bifreiðaverkstæði á landinu séu um 170 talsins, um 80–100 á höfuðborgarsvæðinu en um 50–70 á landsbyggðinni. Þar sem líklegt er að landfræðilegur markaður viðgerðarþjónustu nái yfir mun stærra svæði en höfuðborgarsvæðið og taki aldrei til minna svæðis en það sem afmarkað er af 40 mínútna akstursradíus frá höfuðborgarsvæðinu, er að mati aðila varfærið að miða við að verkstæði á því hinum landfræðilega markaði séu í efri mörkunum, eða um 100 talsins. Verkstæðin eru eðli málsins samkvæmt mismunandi að stærð. Ef gengið er út frá því, til einföldunar, að meðalverkstæði hafi um þrjá bifvélavirkja eða sambærilega afkastagetu, jafngildir það alls um 300 rýmum/lyftum/bifvélavirkjum á markaðnum.

Í þessu samhengi má nefna að Bílson er með um 10 lyftur og Hekla með um 25 lyftur á eigin verkstæðum. Þó að slíkar áætlanir feli ekki í sér nákvæma mælingu á markaðshlutdeild, draga þær að mati samrunaaðila upp grófa mynd af umfangi starfsemi samrunaaðila í hlutfalli við heildarframboð verkstæðisþjónustu á markaðnum. Miðað við þessar forsendur mætti draga þá ályktun að hlutdeild Bílson í heildarafkastagetu markaðarins á hinum landfræðilega markaði málsins sé um **3,3%** en Heklu um **8,3%**. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila miðað við þessari forsendur næmi því tæplega **12%** af heildarafkastagetu hins skilgreinda markaðar.

Eins og fram kom í samrunatilkynningu Heklu vegna kaupa á Stillingu 2024 var markaðshlutdeild Heklu í innflutningi og sölu á nýjum bifreiðum áætluð [...] ¹⁰ Að mati samrunaaðila getur áætlun um hlutdeild í afkastagetu markaðarins verið í samræmi við það mat, þar sem líklegt verður að teljast að markaðshlutdeild Heklu í verkstæðisþjónustu sé ívið lægri en hlutdeild Heklu í sölu á nýjum bifreiðum, m.a. þar sem hluti bifreiðanna er í notkun utan landfræðilegs markaðar málsins, þ.e. á landsbyggðinni, og síður þjónustaðar af samrunaaðilum, sbr. einnig umfjöllun í ákvörðun nr. 20/2019.

⁹ Í ákvörðun Konkurrensverket í máli 2012/2004, *Bilia Personbilar AB v Eneqvist Bil AB* er gengið út frá því að sala varahluta sem nýttir eru í viðgerð teljist með veltu verkstæða þegar heildarstærð viðgerðarþjónustu er metin. Sala varahluta “yfir borðið”, þ.e. óháð viðgerð, teljist ekki með þegar heildarstærð markaðarins í fjárhæðum er metin, sbr. mgr. 29.

¹⁰ Trúnaðarmál

7.1.2 Mögulegur markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum af tegundunum Skoda og Volkswagen - heildarstærð og hlutdeild samrunaaðila

Svipaða sögu er að segja af heildarstærð mögulegs þrengri markaðar; haldgóðar upplýsingar um heildarstærð markaðar fyrir viðgerðir Skoda- og Volkswagen bifreiða í fjárhæðum eru ekki vel aðgengilegar.

Ef reynt er að áætla heildarstærð mögulegs markaðar út frá fjölda bifreiða í notkun af þessum tegundum á hinum landfræðilega markaði og áætlaðs rekstrarkostnaðar á hvern bíl, má setja fram eftirfarandi áætlun: Samkvæmt tölfræðivef Samgöngustofu eru um 19.600 bifreiðar af tegundinni Volkswagen í umferð á landinu og um 11.400 af tegundinni Skoda.¹¹ Þannig eru um 31.000 bifreiðar í notkun á landinu öllu af þessum tegundum. Af tölfræðivef Samgöngustofu má jafnframt draga þá ályktun að um 23.000 bifreiðar,¹² af þessum 31.000, séu innan 40 mínútna akstursleiðar frá höfuðborgarsvæðinu.¹³

Hvað varðar mögulega afmörkun markaðar í fjárhæðum má benda á að Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, tekur árlega saman viðmið fyrir rekstrarkostnað bifreiða í mismunandi verðflokkum. Ef litið er til útreikninga FÍB frá 2025¹⁴ sést að árlegur meðaltalskostnaður við viðhald og viðgerðir bifreiðar í 7 millj. króna verðflokki, sem ekinn er 15.000 km á ári er kr. 190.500 kr. Hér er notast við einfalt meðaltal fyrir rekstur bifreiða knúna áfram af rafmagni annars vegar og jarðefnaeldsneyti hins vegar. Miðað við að heildarfjöldi Skoda og Volkswagen á landfræðilegum markaði málsins sé 23.000, gæti áætlun á heildarverðmæti þjónustu á þessum mögulega markaði málsins verið 4.381.500.000 kr. (23.000 x 190.500). Ljóst má vera að í þessum áætlunum er ekki kostnaður vegna ábyrgðarverka.

Ytri tekjur verkstæðis Heklu, þ.e. þegar tekjur vegna ábyrgðarverka eru dregnar frá, á sl. ári vegna viðgerða á bifreiðum af merkjunum Skoda og VW voru [...] ¹⁵ en sama fjárhæð hjá Bílson [...].¹⁶ Miðað við framangreindar forsendur um heildarfjölda bíla af þessum tegundum í notkun og árlegum meðaltalskostnaði á bíl í framangreindum verðflokki, væri hlutdeild Heklu í viðgerðum á þessum tegundum um [...] ¹⁷

Ef horft er á þessar forsendur má gera ráð fyrir því að samanlögð hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum af þessum tegundum [...] ¹⁸

¹¹ Sjá: <https://bifreidatolur.samgongustofa.is/#tolfraedi>

¹² Sjá heimasíðu Samgöngustofu: [Tölfræði](#)

¹³ Með höfuðborgarsvæðinu er átt við Seltjarnarnes, Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og Mosfellsbæ. og 40 mínútna akstursleið frá höfuðborgarsvæðinu nær um svæðið frá Reykjanesi, meðfram Suðurlandi til Selfoss og með Vesturlandi til Akraness.

¹⁴ Sjá heimasíður FÍB: [rekstur-bifreida-januar-2025-bensin-og-rafbilar.pdf](#)

¹⁵ Trúnaðarmál

¹⁶ Trúnaðarmál.

¹⁷ Trúnaðarmál.

¹⁸ Trúnaðarmál. Taka má fram að allar tölur sem bornar eru saman innihalda kostnað/tekjur vegna viðgerða og varahluta sem fylgja viðgerðinni, en án ábyrgðarverka.

7.1.3 Markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum

Samrunaaðilar hafa ekki getað nálgast gögn um heildarverðmæti innflutnings á upprunalegum varahlutum en þeir mynda ekki aðgreindan tollflokk. Fyrir liggur að sala Heklu til þriðja aðila nam rúmum [...] ¹⁹ á síðasta ári. Samrunaaðilar geta hins vegar ekki áætlað hlutdeild Heklu í heildarmarkaðnum eftir opinberum upplýsingum. Þó má e.t.v. ganga út frá því að hlutdeildin fylgi að mestu hlutdeild í innflutningi nýrra bíla.

Þar sem ekki er skörun milli samrunaaðila að þessu leyti telja samrunaaðilar ekki hafa þýðingu að afla gagna um þetta atriði.

7.1.4 Markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum fyrir Skoda og Volkswagen

Ætla má að þeir upprunalegu bílavarahlutir fyrir tegundirnar Skoda og Volkswagen hafi því sem næst að öllu leyti verið fluttir inn af Heklu. Hekla flutti inn upprunalega varahluti fyrir tegundirnar Skoda, Volkswagen og Audi að innflutningsverðmæti [...] ²⁰

[...] ²¹ Ætla má að Hekla hafi því sem næst 100% markaðshlutdeild í sölu á upprunalegum bílavarahlutum fyrir Skoda og Volkswagen.

Bílson starfar ekki á markaði fyrir sölu á varahlutum. Bílson kaupir hins vegar varahluti og endurselur sem hluta af viðgerðarþjónustu sinni. Bílson er stærsti kaupandi Skoda og Volkswagen varahluta hjá Heklu. [...] ²² Þessar tölur, að teknu tilliti til innri sölu Heklu á varahlutum að frádregnum ábyrgðarverkum, eru ekki langt frá þeirri áætlun sem samrunaaðilar setja fram í kafla 7.1 um markaðshlutdeild miðað við fjölda verkstæða og fjölda bifreiða.

¹⁹ Trúnaðarmál

²⁰ Trúnaðarmál. [Ekki reyndist einfalt að draga frá verðmæti Audi-varahluta þar sem mikið af upprunalegum varahlutum fyrir þessar tegundir ganga í allar þrjár tegundirnar. Miðað við að sala á Audi varahlutum til ytri verkstæða nam 167 millj. kr. eða 18.4% af sölu á varahlutum af öllum þremur tegundunum má ætla að innflutningur á Audi-varahlutum hafi einnig numið svipuðu hlutfalli. Miðað við þessar forsendur má ætla að innflutningur á upprunalegum varahlutum af tegundunum Skoda og Volkswagen hafi numið 81,6% af heildarinnflutningnum eða um 603 millj. kr.]

²¹ Trúnaðarmál

²² Trúnaðarmál

7.2 Markaðshlutdeild samrunaaðila

7.2.1 Tekjur Heklu

Tekjur **Heklu samstæðunnar** síðustu þrjú rekstrarár voru með eftirfarandi hætti, sundurliðað eftir rekstrareiningum: [...

]²³

[...]²⁴

7.2.2 Tekjur Bílson

Tekjur **Bílson** síðustu þrjú rekstrarár voru með eftirfarandi hætti en nær allar tekjur félagsins koma til vegna þjónustu við bíltegundirnar Skoda og Volkswagen:[...

].²⁵

Um áætlanir á markaðshlutdeild samrunaaðila vísast til kafla 7.1.

7.3. Listi með nöfnum allra keppinauta sem starfa á markaðnum

7.3.1 Markaður fyrir þjónustu við og viðgerðir á bifreiðum

Á markaði fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum starfa fjölmargir keppinautar, bæði sjálfstæð verkstæði og verkstæði sem tengjast öðrum bílaumboðum, sem neytendur geta beint viðskiptum sínum til. Á *fylgiskjali 7* má sjá yfirlit yfir ýmis bílaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Ekki er um heildarlista að ræða en tilgangurinn er að benda á þann mikla fjölda verkstæða sem viðskiptavinir hafa úr að velja.

7.3.2 Mögulegur markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á Skoda og Volkswagen bifreiðum

Fyrir utan samrunaaðila eru þó nokkur verkstæði sem nú þegar hafa sérþekkingu í viðgerðum á Skoda og Volkswagen bifreiðum og framkvæma reglubundnar þjónustuskoðanir og viðhald. Hér má m.a. nefna eftirfarandi verkstæði, sem öll eru staðsett á hinum landfræðilega markaði:

- **FYRR bílaverkstæði** er alhliða verkstæði sem sérhæfir sig í viðgerðum á Volkswagen, Audi og Skoda bifreiðum. Auk þess tekur verkstæðið að sér almennar viðgerðir á öllum tegundum bíla, ásamt smurþjónustu, sölu- og ástandsskoðunum. Fyrirtækið er með aðgang að opinberu greiningarkerfi þessara framleiðenda (ODIS) og skráir þjónustuskoðanir í rafræna þjónustubók (DSS) eftir því sem samrunaaðilar þekkja til. Bifvélavirkjar fyrirtækisins eru mjög vanir þjónustu við þessi merki.
- **Betri bílar** er alhliða bifreiðaverkstæði sem sérhæfir sig í Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi bifreiðum. Samkvæmt vitneskju samrunaaðila eru þeir ekki með aðgang að

²³ Trúnaðarmál. Vert er að benda á að samtalan stemmir ekki við ársreikning félagsins þar sem inni í tekjum einstakra rekstrareininga kunna að vera sala milli deilda.

²⁴ Trúnaðarmál

²⁵ Trúnaðarmál

greiningakerfinu ODIS heldur nýta þeir annan sambærilegan bilanagreini og skrá í rafræna þjónustubók DSS. Verkstæðið var áður viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Heklu og eru starfsmenn mjög vanir umræddum merkjum.

- **Car-Med** er bílaverkstæði sem hefur aðgang að greiningakerfinu ODIS og þjónustar Volkswagen og Skoda bifreiðar. Eigandi fyrirtækisins vann áður hjá Heklu og er mjög vanur þjónustu við þessi merki.
- **Bílvogur** var áður viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir Heklu en er nú sjálfstæður þjónustuaðili umræddra merkja.
- **Klöpp** sinnir mikið af smurþjónustu fyrir bifreiðar af umræddum tegundum.
- **Bifreiðaverkstæðið Klettur** er síðan viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir Skoda bifreiðar. Klettur er á Selfossi, í 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.
- **Nýsprautun/Bílakjarninn** er þjónustuverkstæði fyrir Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi og er í Njarðvík, í 30 mínútna akstur fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Þessi fyrirtæki hafa sinnt þjónustuskoðunum við umrædd merki og eru því nærtækust í upptalningunni að mati samrunaaðila. Fleiri verkstæði sinna þó þessum merkjum. Ítreka má að öllum verkstæðum stendur til boða að skapa sér sömu aðgreiningu og gerast þjónustuaðilar fyrir þessi vörumerki, án þess þó að þurfa að uppfylla allar kröfur viðurkennds þjónustuverkstæðis. Þannig standa allar upplýsingar um tæknimál opnar og aðgengilega þeim sem þess óska, sækja tækninámskeið til framleiðenda og skrá þjónustu í gagnabanka þeirra ef þeir kjósa.

7.3.3 Markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum

Almennt flytja öll bílaumboð inn upprunalega bílavarahluti fyrir þær tegundir bifreiða sem viðkomandi umboð flytur inn og selur. Umboðin nýta varahlutina á eigin verkstæði og selja til þriðju aðila. Helstu umboð eru auk Heklu, Brimborg (Volvo, Ford, Mazda, Citroën, Peugeot, Opel og Polestar), BL (BMW, Dacia, Hongqi, Izusu, Jaguar, Land Rover, Mini, Nissan, Hyundai, Subaru, MG), Askja (Mercedes-Benz, Smart, Kia og Honda), Ísband (Jeep, RAM, Fiat, Alfa Romeo, Chrysler, Dodge), Una (XPENG). Toyota (Toyota), Suzuki umboðið (Suzuki), Vatt (BYD).

7.3.4 Markaður fyrir sölu á upprunalegum bílavarahlutum fyrir Skoda og Volkswagen

Sem fyrr greinir flytur Hekla inn upprunalega varahluti fyrir Skoda og Volkswagen bíla, nýtir á eigin verkstæði og selur til þriðju aðila. Aðrir flytja inn varahluti af þessum tegundum í mjög litlu magni og þá aðallega vegna tilfallandi viðskipta.

7.4. Áætluð markaðshlutdeild keppinauta

Varðandi hlutdeild á mörkuðum málsins vísast til kafla 7.2. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um markaðshlutdeild annarra á umræddum mörkuðum.

7.5. Um innflutning á mörkuðum málsins

Bílaumboð eins og Hekla flytja inn nánar tilgreindar tegundir af nýjum bílum og selja. Þá flytja

umboðin inn upprunalega varahluti, nýta á eigin verkstæðum og selja til þriðju aðila.

Ekki er að mati samrunaaðila sérstök þörf til að fjalla um áhrif kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á innflutning á mörkuðum þessa máls. Sama gildir um áhrif flutningskostnaðar.

7.6. Hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu

Vísast til kafla 7.5.

7.7. Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum

Samrunaaðilar selja ekki vörur sínar á erlendum mörkuðum.

7.8. Eðli og umfang lóðréttar samþættingar samrunaaðila

Hekla er samþætt fyrirtæki að því leyti að fyrirtækið annast innflutning á bílum og varahlutum og nýta varahlutina á verkstæðum sínum, auk þess að selja þá til þriðju aðila. Sama gildir um önnur bílaumboð.

Bílson er ekki, nema að mjög óverulegu leyti, lóðrétt samþætt fyrirtæki heldur starfar á sölustigi fyrir bifreiðaverkstæði. Í undantekningartilvikum flytur Bílson inn varahluti til eigin nota á verkstæðinu. Svipað gildir um önnur bifreiðaverkstæði.

7.9. Sundurliðun á heildartekjum samrunaaðila eftir vörflokkum.

Vísast til kafla 7.2

7.10. Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila

Eftirfarandi er sundurliðun á helstu kostnaðarliðum í rekstri Heklu móðurfélags árin 2023, 2024 og 2025:[...]

]²⁶

Helstu kostnaðarliðir í rekstri **Bílson** árin 2023, 2024 og 2025: [...]

]²⁷

²⁶ Trúnaðarmál.

²⁷ Trúnaðarmál

8. KAFLI

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.1 Fimm helstu sjálfstæðu birgjar samrunaaðila

8.1.1 Stærstu sjálfstæðu birgjar verkstæðisþjónustu Heklu (annað en varahlutir)

[...

]²⁸

8.1.2. Stærstu sjálfstæðu birgjar Heklu í varahlutum (greint eftir almennum/upprunalegum)

[...]

]²⁹

8.1.3 Stærstu sjálfstæðu birgjar Bílson -Varahlutir

Um helstu birgja Bílson í bílavarahlutum vísast til fylgiskjals 8.

8.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi

Um helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðunum vísast til kafla 7.6 og 7.8.

8.3 Upplýsingar um heildarafkastagetu og nýtingu hennar

Á ekki við að öðru leyti en því sem segir í tilkynningunni um heildarfjölda bílalyfta og biðtíma á verkstæðum almennt.

8.4 Aðrir þættir framboðs sem skipta máli

Samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu eru um 6.800 bifreiðar af tegundinni Volkswagen í notkun eingöngu í Reykjavík og um 3.100 af tegundinni Skoda, samtals um 10.000 bifreiðar. Á hinum landfræðilega markaði er þessi fjöldi um 23.000, sbr. kafla 7.1.2. Þótt úr mörgum fyrirtækjum sé að velja varðandi þjónustu við þessar bifreiðar ná þau varla að anna eftirspurn. Flest öll verkstæði eru almennt þétt bókuð viðskiptavinir hafa oft orð á því hve langur biðtími sé hjá verkstæðum. Sem dæmi má nefna að hjá Bílson er nú um þriggja vikna bið eftir bókun.

Eigandi Bílson hefur sem fyrr segir hugað að starfslokum. Verði ekki af þeim samruna sem hér um ræðir eru allar líkur á því að annað bílaumboð muni kaupa Bílson og beina sérhæfingu starfsmanna að þeim vörumerkjum bifreiða sem þau flytja inn og selja. Slík niðurstaða yrði óásættanleg fyrir eigendur að þeim a.m.k. 23.000 bifreiðum af gerðinni Skoda og Volkswagen sem eru á hinum landfræðilega markaði. Samruninn miðar því að því að viðhalda þjónustu við þessa neytendur.

²⁸ Trúnaðarmál

²⁹ Trúnaðarmál

8.5 Tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.5.1 Markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum

[....

]³⁰

Um stærstu viðskiptavini **Bilson** vísast til fylgiskjals 8.

8.5.2 Markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á Skoda og Volkswagen bifreiðum

Um helstu viðskiptavini verkstæðis Heklu í þjónustu og viðgerðum á Skoda og og Volkswagen bifreiðum vísast til neðangreindrar töflu:[...]

]³¹

Um viðskiptavini **Bilson** í þjónustu og viðgerðum á Skoda og Volkswagen bifreiðum vísast til töflu í kafla 8.5.1.

8.5.3 Markaður fyrir sölu á upprunalegum varahlutum

[...]

]³²

Um **Bilson** vísast til kafla 8.5.1 og fylgiskjals 8.

8.5.4 Markaður fyrir sölu á Skoda og Volkswagen varahlutum

[...]

]³³

³⁰ Trúnaðarmál

³¹ Trúnaðarmál

³² Trúnaðarmál

³³ Trúnaðarmál

8.6 Eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum

8.6.1 Þróun á mörkuðum

Um eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum má að sínu leyti vísa til umfjöllunar í kafla 8.4.

Að öðru leyti má nefna að þróun á umræddum mörkuðum hefur orðið í þá átt að sérþekking og þjálfun í einstökum vörumerkjum eða tegundum bíla hefur orðið mikilvægari með aukinni tölvuvæðingu bifreiða.

8.6.2 Viðskiptavinavild

Vægi viðskiptavinavildar á umræddum mörkuðum hefur að mati samrunaaðila minnkað frá því sem áður var þar sem og viðskiptatryggð almennt minnkað.

8.6.3 Samþjöppun eða dreifing neytenda;

Neytendur á viðkomandi mörkuðum eru dreifðir og dreifing neytenda er væntanlega eins dreifð og hún getur orðið á hinum skilgreindu mörkuðum.

8.6.4 Skipting viðskiptavina í flokka

Viðskiptavinir á viðkomandi mörkuðum eru fyrst og fremst eigendur bifreiða, geta verið einstaklingar eða fyrirtæki.

8.6.5 Vægi samninga um einkadreifingu;

Slíkir samningar hafa ekki þýðingu á viðkomandi mörkuðum.

8.6.6 Vægi eftirspurnar frá opinberum aðilum

Eftirspurn á umræddum mörkuðum er fyrst og fremst frá einstaklingum og fyrirtækjum. Vægi eftirspurnar opinberra aðila er ekki meira en gengur og gerist á mörkuðum.

8.7 Innkoma nýrra fyrirtækja á sl. fimm árum

Ýmis ný verkstæði hafa komið inn á markaðinn á sl. fimm árum en ekkert sem hefur þýðingu fyrir úrlausn málsins.

8.8 Líkindi fyrir því að erlendir aðilar hasla sér völl á markaðinum

Vísast til umfjöllunar hér að neðan um markaðsaðgang og t.d. kafla 6.1.1 um opinn aðgang að upplýsingum framleiðenda.

8.9 Almennt um markaðsaðgang

Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaði

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um það hvað kostar nýjan aðila að hasla sér völl hér á landi á þeim mörkuðum sem um ræðir en að mati samrunaaðila eru óverulegar aðgangshindranir að þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Ekki er þörf á mjög sérhæfðu húsnæði undir starfseminum og tæki og tól auk sölukerfa krefjast ekki verulegra fjárfestinga.

Líkt og reifað er hér að ofan eru litlar aðgangshindranir fyrir aðila sem vilja hasla sér völl á þeim mörkuðum sem samruninn snertir. Samrunaaðilar telja að í þessum efnum skipti engu máli hvort markaðurinn yrði skilgreindur sem þjónusta og viðhald bifreiða eða með þrengri hætti.

Aðgangshindranir í lögum og reglugerðum

Til reksturs verkstæðis þarf gilt starfsleyfi í samræmi við l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá gera lög nr. 94/1980 um aðbúnað og hollustuhætti jafnframt kröfu um sérstakt starfsleyfi til tryggingar því að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Að mati samrunaaðila felast ekki aðgangshindranir í framangreindum lögum eða reglugerðum.

Einkaleyfi/ nytjaleyfi

Hekla er umboðsaðili Audi, Volkswagen, Skoda, GWM og Mitsubishi á Íslandi. Þá þjónustar Hekla jafnframt framangreindar tegundir á fullbúnu verkstæði félagsins en verkstæðið er viðurkenndur þjónustuaðili vegna Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi. Bílson ehf. er jafnframt viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Heklu vegna Volkswagen, VW atvinnubíla og Skoda.

Sem fyrr segir stendur öllum fyrirtækjum sem þess óska til boða að gerast viðurkenndir þjónustuaðilar með því að uppfylla tiltekin skilyrði sem framleiðendur bifreiða setja og allar helstu tæknilegar upplýsingar eru aðgengilegar á jafnræðisgrundvelli hjá framleiðendum gegn hóflegu gjaldi. Þannig byggir kerfi viðurkenndra þjónustuverkstæða á opnu kerfi og telja samrunaaðilar þannig ljóst að engar aðgangshindranir felast í framangreindum leyfisveitingum/viðurkenningum.

Vægi stærðarhagkvæmni

Stærðarhagkvæmni hefur ekki meiri þýðingu í þessum rekstri en gengur og gerist á mörkuðum.

Aðgangur að birgðum og hráefni

Vísast til umfjöllunar um opinn aðgang að leiðbeiningum framleiðenda hér að framan.

8.10 Rannsóknir og þróun

Aðilar telja að þessi atriði hafi ekki þýðingu hér fyrir utan það sem áður hefur verið fjallað um.

8.11 Samstarfssamningar

Líkt og fjallað er um í kafla 6.1.1 starfa bílaverkstæði að hluta til innan dreifingarkerfis bílaframleiðenda í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins þar um. Þannig geta verkstæði annars vegar orðið viðurkenndir þjónustuaðilar, og geta þá annast ábyrgðarverk, og hins vegar nýtt sér opinn aðgang að handbókum, greiningarkerfum, upplýsingum o.fl., án þess að teljast viðurkenndir þjónustuaðilar. Slík óháð verkstæði geta sinnt allri þjónustu við bifreiðar nema ábyrgðarverkum, sem liggja utan hins skilgreinda markaðar.

8.12 Atvinnugreinasamtök

Hvorki Hekla né Bílson eru í atvinnugreinasamtökum.

9. KAFLI

Áhrif á neytendur og milliliði

9.1 Almennt um áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni muni hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga.

Að mati samrunaaðila hefur samruninn engin skaðleg áhrif á samkeppni né hagsmuni neytenda. Miðað við þær upplýsingar og áætlanir sem samrunaaðilum eru tiltækar er langt í frá að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við hinn fyrirhugaða samruna. Þá eru engar vísbendingar um að samkeppni raskist með öðrum hætti. Eftir sem áður hafa neytendur fjölda verkstæða til að velja úr þegar bíll þarf skoðun eða viðgerð, hvort heldur miðað er við hina víðari eða þrengri markaðsskilgreiningu. Þar fyrir utan er markaðsaðgangur greiður þar sem verkstæðum stendur opið að sérhæfa sig í tilteknum vörumerkjum bifreiða með greiðum aðgangi að handbókum og nauðsynlegum upplýsingum framleiðenda. Leggja má áherslu á að einu verkin sem eingöngu verða framkvæmd á viðurkenndum þjónustuverkstæðum eru svokölluð ábyrgðarverk, sem greidd eru af framleiðendum, skila ekki arði og tilheyra ekki samkeppnismarkaðnum.

Þvert á móti er langlíklegast að samruninn hafi jákvæð áhrif á neytendur, til samanburðar við stöðuna á mögulegum mörkuðum málsins til framtíðar litið án samruna. Ef beitt er staðleysumati (e. counterfactual) til samræmis við leiðbeiningar samkeppnisyfirvalda³⁴ eru allar líkur til þess að samruninn tryggji neytendum áframhaldandi framboð af sérþekkingu á þjónustu og viðgerðum við bíla af tegundunum Skoda og Volkswagen. Langlíklegasta staðan á markaðnum, ef ekki yrði af þessum samruna, er sú að annað bílaumboð en Hekla myndi kaupa Bílson og laga þjónustuna að þörfum þeirra vörumerkja sem viðkomandi umboð flytur inn. Við það myndi þjónusta við eigendur Skoda og Volkswagen versna til muna enda annar þjónustan sem í boði er fyrir samruna varla eftirspurn neytenda sem eiga þessar bílategundir. Megin markmið samrunans er þannig að viðhalda því framboði sem fyrir var á markaðnum fyrir þjónustu við þessar tegundir bifreiða.

9.2 Lárétt áhrif

³⁴ ³⁴ Sjá til hliðsjónar mgr. 9 í leiðbeiningum um mat á samkeppnislegum áhrifum láréttra samruna: „*In assessing the competitive effects of a merger, the Commission compares the competitive conditions that would result from the notified merger with the conditions that would have prevailed without the merger.*”

9.2.1 Markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum

Sem fyrr greinir telja samrunaaðilar hinn skilgreinda markað málsins taka til þjónustu og viðgerða á öllum tegundum bifreiða á nánar afmörkuðu landsvæðisem er aldrei minna en sem nemur 40 mínútna akstursradíus frá höfuðborgarsvæðinu.

Ef miðað er við áætlanir um fjölda verkstæða og fjölda lyfta á umræddum markaði virðist sem samanlögð hlutdeild samrunaaðila nemi tæplega 12% af heildarafkastagetu markaðarins. Þannig telja samrunaaðilar ljóst að samþjöppunaráhrif hins fyrirhugaða samruna eru langt frá því að geta talist skaða samkeppni í skilningi samkeppnislaga.

9.2.2 Mögulegur markaður fyrir þjónustu og viðgerðir á bifreiðum af tegundunum Skoda og Volkswagen

Ef miðað væri við hina þrengri markaðsskilgreiningu, þannig að markaðurinn tæki eingöngu til þeirra fyrirtækja sem nú þegar hafa sérhæft sig í viðgerðum af umræddum tegundum, án tillits möguleika annarra verkstæða til að öðlast aðgang að því opna kerfi sem framleiðendur hafa hannað, þess opna kerfis sem framleiðendur hafa hannað virðist sem samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila sé engu að síður [...] ³⁵ ef miðað er við hlutfall veltu samrunaaðila af áætlaðri heildarveltu þessa markaðar út frá tölfræðiupplýsingum Samgöngustofu. Þannig skapast langt í frá markaðsráðandi staða á hinum þrengri markaði málsins við samrunann.

9.2.3 Varahlutamarkaðir

Bílson starfar ekki á markaði fyrir sölu á varahlutum, heldur endurselur eingöngu varahluti sem hluta af viðgerðarþjónustu sinn, en sú velta tilheyrir mörkuðum fyrir verkstæði. Því hefur samruninn engin lárétt áhrif á markaði fyrir bílavarahluti, hvorki upprunalega bílavarahluti í heild né heldur upprunalega bílavarahluti fyrir Skoda og Volkswagen.

9.2 Möguleg lóðrétt áhrif

Hekla er lóðrétt samþætt fyrirtæki á þann hátt að félagið flytur inn upprunalega varahluti og selur til eigin verkstæðis og utanaðkomandi verkstæða. Svo sem fram kemur hér að framan er Bílson stærsti einstaki kaupandi Skoda og Volkswagen varahluta hjá Heklu en árið 2025 keypti Bílson um [...] ³⁶ af ytri varahlutasölu Heklu í merkjunum Skoda og Volkswagen. Bílson flytur ekki inn varahluti í miklum mæli en hefur annast innflutning sjálft til eigin nota á

³⁵ Trúnaðarmál

³⁶ Trúnaðarmál

verkstæðinu, þegar innlend fyrirtæki hafa ekki annað eftirspurn BÍlson. Engin rök standa til þess að þessi staða breytist verulega eftir samrunann. BÍlson mun að öllum líkindum áfram kaupa meginhluta upprunalegra varahluta sem þarf til bifreiðaviðgerða af Heklu. Þótt mögulegt sé að þau viðskipti aukist eru allar líkur á því að BÍlson muni áfram skipta við aðra varahlutabirgja þegar þarf, líkt og fyrir samrunann.

Lóðréttir samrunar geta almennt haft í för með sér jákvæð samkeppnisleg áhrif. Þau geta t.a.m. stafað af aukinni skilvirkni eftir samrunann. Slík skilvirkni getur t.d. falist í betri nýtingu framleiðsluþátta, s.s. innviða eða söluleiða, öryggi við öflun á aðföngum og/eða sölu á afurðum. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um lóðréttá- og samsteypusamruna kemur fram að slíkir samrunar geti verið samkeppnishamlandi í þeim tilvikum að þeir hafa í för með sér svonefnd útilokunaráhrif (e. foreclosure effect), þ.e. ef keppinoutar geta útilokast frá tilteknum markaði.³⁷

Í því tilviki sem hér um ræðir er engin hættá á útilokunaráhrifum. Í fyrsta lagi hefur Hekla alla hvata af því að þær bifreiðar sem félagið flytur inn og selur séu þjónustaðar af verkstæðum, sbr. sérstaklega meginhvatann að þeim samruna sem hér um ræðir. Þannig hefur Hekla enga hvata til þess að útiloka keppinouta sameinaðs verkstæðis frá aðföngum, með hindrunum í aðgengi að varahlutum.

Í öðru lagi setur VBER sérstakar skorður við því að seljendur varahluta mismuni verkstæðum í aðgengi að varahlutum og leggur bann við gerningum sem útiloka sölu til sjálfstæðra aðila. Af þessu leiðir að Hekla hefur hvorki hvata né getu til þess að útiloka og/eða takmarka raunhæfan aðgang annarra verkstæða af þeim varahlutum sem Hekla flytur inn.

Samrunaaðilar telja því ljóst að engin skaðleg áhrif stafa af lóðréttu eðli samrunans.

9.3 Samantekt um áhrif samrunans

Með vísan til alls framangreinds telja samrunaaðilar að ekki sé tilefni til íhlutunar vegna samrunans, hann leiði hvorki til þess að markaðsráðandi staða styrkist né myndist eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

³⁷ Sjá mgr. 18 í leiðbeiningunum.

10. KAFLI Fylgiskjöl

Meðfylgjandi samrunatilkynningu þessari eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Afrit af kaupsamningi dags. 23. desember 2025 **TRÚNAÐARMÁL**
2. Afrit af ársreikningi Heklu hf. 2025
3. Afrit af ársreikningi Heklu hf. 2024
4. Afrit af ársreikningi Heklu fasteigna ehf. 2024³⁸
5. Afrit af ársreikningi Bílson ehf. 2025
6. Afrit af ársreikningi Bílson ehf. 2024
7. Yfirlit yfir bifreiðaverkstæði
8. Yfirlit yfir helstu birgja og viðskiptavini Bílson **TRÚNAÐARMÁL**
9. Afrit af fundargerðum og minnisblöðum **TRÚNAÐARMÁL**
10. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum án trúnaðarupplýsinga.
11. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum á stafrænu læsilegu formi. **TRÚN.MÁL**
12. Umboð til lögmanna Landslaga
13. Umboð til lögmanna Landslaga
14. Afrit af kvittun vegna greiðslu samrunagjalds.

Þess er óskað að gætt verði trúnaðar um kaupsamning aðilanna og önnur þau skjöl og upplýsingar (þ.m.t. trúnaður milli samrunaaðila um upplýsingar um viðskiptavini/birgja) sem afhent eru með samrunaskrá þessari, a.m.k. að því marki sem ríkja ber trúnaður um efni þeirra.

³⁸ Ársreikningur ársins 2025 liggur ekki fyrir.

YFIRLÝSING

Undirrituð lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstýtt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með (fundargerðir eru þó útstrikaðar hvað varðar umfjöllun um óskyld efni), að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirrituð hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislaga.

Ef frekari upplýsinga og/eða gagna er þörf mun undirrituð hafa milligöngu um að útvega þau.

Reykjavík, 20. mars 2026

Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður